Umhverfis-, orku og loftslagsráðuneyti
Borgartúni 26
105 Reykjavík

Reykjavík, 12. ágúst 2026

Efni: Reglugerð um Loftslags- og orkusjóð

Samtök atvinnulífsins, Samtök iðnaðarins og SVÞ – Samtök verslunar- og þjónustu (hér eftir **„samtökin“**) hafa tekið til umsagnar reglugerð um Loftslags- og orkusjóð (mál nr. S-106/2026).[1]

Samtökin taka undir markmið reglugerðarinnar um að Loftslags- og orkusjóður styðji við samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda, orkuskipti, nýtingu innlendrar endurnýjanlegrar orku og bætt orkuöryggi. Mikilvægt er að sjóðurinn geti stutt við fjárfestingar og nýsköpun sem stuðla markvisst að þessum markmiðum.

Við útfærslu stuðningskerfisins þarf jafnframt að tryggja að opinberu fé sé ráðstafað með hagkvæmum og gagnsæjum hætti, að reglur séu skýrar og fyrirsjáanlegar og að stuðningur raski ekki samkeppni að óþörfu. Samtökin leggja sérstaka áherslu á að sjóðurinn geti stutt við nauðsynlegar og kostnaðarsamar fjárfestingar atvinnulífsins í orkuskiptum og öðrum verkefnum sem stuðla að markmiðum sjóðsins. Slíkar fjárfestingar geta verið umfangsmiklar og langar í undirbúningi og framkvæmd og því mikilvægt að stuðningsumhverfið sé stöðugt og fyrirsjáanlegt. Þetta er í samræmi við fyrri áherslur samtakanna um að fjárhagslegir hvatar geti flýtt kostnaðarsömum umbreytingum og auðveldað fyrirtækjum að fjárfesta í loftslagsvænum lausnum.

Skýr og fyrirsjáanleg matsviðmið

Í 8.–10. gr. reglugerðarinnar er fjallað um styrkhæfi, upplýsingar í auglýsingum og matsferli. Þótt þar komi fram almenn viðmið ræðst nánari forgangsröðun að verulegu leyti af áherslum sem skilgreina á í auglýsingu hverju sinni. Samtökin telja mikilvægt að helstu matsviðmið við mat og forgangsröðun umsókna komi skýrar fram í reglugerðinni sjálfri.

Fyrirtæki þurfa að geta séð fyrir fram hvaða atriði ráða mestu við mat á umsóknum, svo sem árangur verkefnis í loftslags- og orkumálum, umfang fjárfestingar og hvaða áhrif styrkur hefur á möguleika fyrirtækis til að ráðast í eða flýta verkefni. Skýr viðmið auka fyrirsjáanleika umsækjenda og stuðla að gagnsærri úthlutun fjármuna úr sjóðnum.

Samkeppnissjónarmið við úthlutun styrkja

Samtökin taka undir sjónarmið sem fram kemur í umsögn Orkunnar um að reglugerðin þurfi að tryggja að úthlutanir úr sjóðnum skapi ekki eða festi í sessi óeðlilegt samkeppnisforskot, þar á meðal forskot opinberra aðila á samkeppnismörkuðum. Þetta á sérstaklega við á nýjum mörkuðum og mörkuðum sem eru enn í mótun.

[1] Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið (2026). Reglugerð um Loftslags- og orkusjóð, mál nr. S-106/2026, Samráðsgátt stjórnvalda.

Orkuskipti, ekki síst í vegasamgöngum, fela bæði í sér umbreytingu eldri markaða og þróun nýrra, svo sem markaða fyrir hleðsluþjónustu. Við slíkar aðstæður getur opinber stuðningur haft veruleg áhrif á þróun samkeppnisumhverfis til framtíðar. Fyrirtæki sem þegar starfa á tengdum mörkuðum, þar á meðal fyrirtæki í opinberri eigu, kunna jafnframt að búa yfir aðgangi að innviðum, aðföngum eða öðrum auðlindum sem nýtast við innkomu á nýja markaði.

Opinbert eignarhald á ekki eitt og sér að ráða styrkhæfi. Þess þarf þó að gæta að úthlutanir úr sjóðnum skapi ekki eða viðhaldi óeðlilegu samkeppnisforskoti eða nýtist til að skapa opinberum fyrirtækjum markaðsráðandi stöðu. Meginatriðið er að sömu málefnalegu viðmið gildi um alla umsækjendur. Í 12. gr. reglugerðardraganna er þegar kveðið á um að gæta skuli samkeppnissjónarmiða við úthlutun, en samtökin telja tilefni til að útfæra þá skyldu með skýrari hætti.

Skýrleiki um ríkisaðstoð

Samtökin vekja athygli á 23. gr. reglugerðarinnar. Þar er annars vegar vísað til reglugerðar (ESB) nr. 651/2014 um almenna hópundanþágu en hins vegar kveðið á um að fyrirtæki í samkeppnisrekstri verði ekki styrkt umfram hámark samkvæmt reglum um minniháttar aðstoð, nú 300.000 evrur á 36 mánaða tímabili.

Mikilvægt er að ákvæðið geri skýran greinarmun á þeim ólíku ríkisaðstoðarheimildum sem styrkveitingar geta byggst á. Samtökin taka því undir ábendingu Orkunnar um að við úthlutun til fyrirtækja í samkeppnisrekstri komi skýrt fram á hvaða ríkisaðstoðargrundvelli styrkur er veittur og að skilyrði, styrkhlutföll og hámarksfjárhæðir ráðist af þeirri heimild sem við á. Slíkur skýrleiki er mikilvægur fyrir réttaröryggi og fyrirsjáanleika fyrirtækja, ekki síst þegar um stærri og fjárfrekar fjárfestingar er að ræða.

Lengri verkefni og fyrirsjáanleiki

Í 8. gr. er gert ráð fyrir að styrkjum megi úthluta til verkefna til allt að þriggja ára. Í 12. gr. er jafnframt gert ráð fyrir að verkefni geti verið styrkt til lengri tíma en eins árs, þótt samningar skuli almennt ekki gerðir til lengri tíma en eins árs í senn. Í 15. gr. segir hins vegar að styrkjum sé úthlutað til eins árs í senn. Samtökin telja rétt að skýra betur samspil þessara ákvæða.

Stærri orkuskipta- og innviðaverkefni geta tekið nokkur ár í undirbúningi og framkvæmd, meðal annars vegna leyfisveitinga, afhendingartíma búnaðar og tenginga við orkukerfi. Mikilvægt er því að umgjörð sjóðsins taki mið af eðli slíkra verkefna og veiti eðlilegan fyrirsjáanleika, með fyrirvara um framvindu verkefna og fjárheimildir. Fyrri áherslur samtakanna hafa jafnframt verið þær að orkuskiptaaðgerðir þurfi að vera fyrirsjáanlegar, samvirkar og mælanlegar og að styrkja þurfi nauðsynlega innviði til að orkuskiptin geti orðið að veruleika.[2] Má í því ljósi benda á sérstakt mikilvægi innviðaverkefna og þá staðreynd að öflugir og traustir innviðir kunna að nýtast fjölmörgum aðilum við orkuskipti og innleiðingu á nýrri tækni, áhrif slíkra verkefna geta því orðið margföld þegar vel tekst til.

[2] Loftslagsvegvísar atvinnulífsins (2023) - Vegasamgöngur.

Fjármögnun sjóðsins

Forsenda þess að Loftslags- og orkusjóður geti gegnt því hlutverki sem honum er ætlað þarf jafnframt að tryggja nægilega og fyrirsjáanlega fjármögnun hans. Samtökin hafa ítrekað bent á mikilvægi þess að tekjur ríkisins af losunartengdri gjaldtöku skili sér aftur til verkefna sem stuðla að orkuskiptum, þróun og uppbyggingu umhverfisvænna lausna, nýsköpun og aðgerða sem draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.[3] Í því samhengi telja samtökin eðlilegt að stjórnvöld horfi meðal annars til tekna af sölu losunarheimilda innan viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir (ETS-kerfisins) við fjármögnun sjóðsins í fjárlagavinnu.

Niðurlag

Samtökin styðja markmið um að Loftslags- og orkusjóður verði öflugt tæki til að hraða orkuskiptum, nýsköpun og nauðsynlegum fjárfestingum atvinnulífsins. Til að svo verði þarf umgjörð sjóðsins að byggjast á skýrum og fyrirsjáanlegum reglum, málefnalegum matsviðmiðum, samkeppnishlutleysi og réttri beitingu ríkisaðstoðarreglna. Mikilvægt er að styrkjakerfið sé nægilega sveigjanlegt til að styðja við stór og kostnaðarsöm verkefni sem eru nauðsynleg til að markmið stjórnvalda um orkuskipti og samdrátt í losun náist.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins

Hugrún Elvarsdóttir

f.h. Samtaka verslunar og þjónustu

Kristinn Már Reynisson

f.h. Samtaka iðnaðarins

Sigurður Helgi Birgisson

[3] Samtök atvinnulífsins (2025). *Á ég að gera það?*, erindi Önnu Hrefnu Ingimundardóttur á Umhverfisdegi atvinnulífsins.